

## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 4. febrúar 2021 kl. 14.00



Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson.  
Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Ekkert mál barst og var þá gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

1. **Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 10. nóvember 2020.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. **1710055 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018, vegna vindorku í Garpsdal.**

Lagðar eru fram umsagnir að loknu auglýsingaferli.

*Auglýsingaferli tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vindorkuvers í landi Garpsdals er lokið samkvæmt þeirri málsmeðferð sem við á skv. skipulagslögum. Tillagan var auglýst frá 25. nóvember 2020 til 20. janúar 2021 og bárust alls 11 umsagnir frá stofnunum, félagasamtökum og einstaklingi.*

*Lagt fram til kynningar.*

3. **2011007 - Hólar 139594, áform um skógrækt, frestað á fundi 10. nóvember 2020.**

*Skipulagsnefnd samþykkir fyrirhugaðar framkvæmdir með fyrirvara um jákvæða umsögn frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna framkvæmdina fyrir eigendum aðliggjandi jarða. Samþykkt samhljóða*

4. **2102004 - Hafnarsvæði Karlsey, umsókn um stöðuleyfi.**

*Byggingafulltrúa falið að veita stöðuleyfi til eins árs. Samþykkt samhljóða.*

5. **2012005 - Hellisbraut 40 227536, umsókn um byggingaleyfi.**

Sótt er um byggingarleyfi fyrir 139 m<sup>2</sup> einbýlishúsi á einni hæð við Hellisbraut 40.

*Byggingin samræmist skilmálum gildandi deiliskipulags og er umsóknin samþykkt með fyrirvara um að öllum gögnum sé skilað inn til byggingarfulltrúa.*

6. **2102008 - R.A.F. sumarhús 139758, umsókn um byggingaleyfi.**

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við veitingu leyfis. Samþykkt samhljóða.*

7. **2102005 - Viðbragðsáætlanir fyrir Flateyjar- og Reykhólahöfn.**

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 22. janúar 2021 og varðar viðbragðsáætlanir hafna 2021.

*Sveitarstjóra falið að koma viðbragðsáætlunum á framfæri við Umhverfisstofnun. Samþykkt samhljóða.*

8. **2102006 - Staða landtenginga í höfnum.**

Lagt er fram erindi frá Verkís dagsett 28. janúar 2021, varðandi upplýsingaöflun fyrir Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um rafvæðingu hafna á Íslandi.

*Sveitarstjóra falið að koma upplýsingum á framfæri. Samþykkt samhljóða.*

9. **2012007 - Drög að umsögn Hafnasambands Íslands um drög að frumvarpi til breytinga á hafnalögum 2020.**

*Lagt fram til kynningar.*

10. **2102009 - Fundargerðir 428. -431. fundar Hafnasambands Íslands og þinggerð hafnasambandsþings 2020.**

*Fundargerðir og þinggerð lögð fram til kynningar.*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____